

Reglur um styrkveitingar Hollvinasamtaka Dalabyggðar

1. gr. Tilgangur

Tilgangur styrkveitinga Hollvinasamtaka Dalabyggðar er að styðja við verkefni í Dalabyggð er varða eflingu byggðar, atvinnulífs og menningar eða eru af því tagi að standa vörð um sögu og starf svæðisins.

2. gr. Almennt

Úthlutað er úr sjóðnum 1 sinni á ári. Auglýst skal eftir umsóknum a.m.k. þremur vikum fyrir aðalfund á hvert. Skal umsóknarfrestur vera auglýstur á helstu miðlum í Dalabyggð. Stjórn tilkynnir um styrkveitingar á aðalfundi.

Gjaldgeng fyrir styrki eru:

1. Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir með lögheimili í Dalabyggð
2. Verkefni sem sannarlega fara fram í sveitarfélaginu
3. Verkefni sem valnefnd metur að séu í þágu samfélagsins með öðrum hætti

3. gr. Umsóknir

Umsóknum skal skilað rafrænt og þar skal koma fram lýsing á verkefni, tíma- og verkáætlun, fjárhagsáætlun og lýsing á hugsanlegum áhrifum verkefnisins á samfélagið í samræmi við tilgang styrkveitinga (sjá 1. gr.). Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Styrki má ekki nota í eftirfarandi:

1. Til kaups á rekstrarvörum, tölvum og almennum skrifstofubúnaði, framkvæmdir svo sem endurbætur á húsnæði eða rekstri á farartækjum.
2. Til fjárfestingar á hlutafé í fyrirtækjum eða félögum.
3. Til hefðbundins reksturs.

4. gr. Valnefnd

Stjórn Hollvinasamtaka Dalabyggðar sinnir hlutverki valnefndar.

Valnefnd skal taka fyrir allar gildar styrkumsóknir. Valnefnd skal svara öllum umsækjendum skriflega er varðar niðurstöður, eigi síðar en 30 dögum eftir að umsóknarfrestur er útrunninn. Áskilinn er réttur til að samþykka eða hafna hvaða umsókn sem er.

Aðilum í valnefnd/stjórn Hollvinasamtakanna er óheimilt að senda inn umsókn í sjóðinn. Aðili í valnefnd skal lýsa yfir vanhæfni er varðar einstaka umsóknir ef nán persónleg tengsl eru við umsækjanda.

5 gr. Greiðslur og lokaskýrsla

Hollvinasamtökin gera samkomulag við styrkþega þar sem kemur fram verkefnalýsing, tímamörk verkefnisins og upphæð styrks.

Ef styrkur er hærri en 200.000 kr.- er heimilt að greiða styrkinn í tvennu lagi, þ.e. fyrri helmingur við undirritun samnings og seinni helming við skil á fullnægjandi lokaskýrslu. Sé styrkur lægri en 200.000 kr.- skal greiða heildarstyrkuppghæð við skil á fullnægjandi lokaskýrslu þegar verkefni hefur farið fram. Samtökin áréttu að verði ekki af verkefni sem hefur fengið fyrri helming greiddan verður upphæð innheimt.

Lokaskýrslu skal skila sem fyrst, dragist skil lokaskýrslu um meira en 3 mánuði eftir að verkefni lýkur m.v. tímamörk í samningi, skal senda áminningu til styrkþega og gefa 14 daga frest til að skila henni ella falli styrkloforð niður. Lokaskýrsla skal vera á einföldu sniði, eigi lengri en 400 orð. Ekki er krafist fylgiskjala nema umsækjandi telji það nauðsynlegt.

Styrkþegum skal sent afrit af reglum þessum með staðfestingu á styrkveitingu og telst undirritun samnings vera staðfesting á að þeir hafi kynnt sér reglurnar.